

Alþingi
Erindi nr. P 135/707
komudagur 4.12.2007



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóv. 2007

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004

Við þökkum mótttekið bréf samgöngunefndar Alþingis dags. 22. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu fagna þeirri hugmynd í frumvarpinu að gera ráðstafanir til að lækka flutningskostnað innanlands. Það er sérstakt gleðiefni að menn átti sig á að það er samhengi á milli skattlagningar ríkisins á þessa atvinnugrein og flutningskostnaðar. Það liggur fyrir að álögur hins opinbera á landflutninga eru mjög miklar og hafa bein áhrif á flutningskostnað. Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til að hafa áhrif á það sem er augljóslega eftirsóknarvert fyrir hagsmunaaðila í landflutningum.

Það er ástæða til að benda á að önnur leið að sama markmiði gæti falist í einföldun kerflsins frá því sem nú er. Landflutningabílar búa við tvöfalt kerfi annars vegar olú- og kílómetragjald og hins vegar þungaskatt. Þungaskattskerfið virkar sem sérstakar umframálögur á þeim landsvæðum þar sem samgöngur eru hvað verstar s.s. á Vestfjörðum. Þar sem aðstæður eru erfiðar er eldsneytiseyðslan mest og kostnaðurinn á ekinn km því hærri en annars staðar. Það þarf að einfalda kerfið þannig að landflutningagreinin búi við eitt skilvirkt kerfi.

Virðingarfyllt

Sigrún Sigurðardóttir
forstöðumaður flutningasviðs